

# Íslandsbanki hf.: Útboð á sértryggðum skuldabréfum 12. apríl

Íslandsbanki hf. verður með lokað útboð á sértryggðum skuldabréfum miðvikudaginn 12. apríl 2023.

Boðnir verða út flokkarnir ISB CBF 27 og ISB CBI 29.

ISB CBI 29 er nýr verðtryggður skuldabréfaflokkur sem ber fasta árlega vexti og fer greiðsla höfuðstóls fram á lokagjaldlega 10. maí 2029.

Í tengslum við útboðið fer fram skiptiútboð þar sem eigendur flokksins ISB CB 23 eiga þess kost að selja bréf í flokknum gegn kaupum á skuldabréfum í ofangreindu útboði. Verð á ISB CB 23 er fyrirfram ákveðið og er hreint verð 99,19.

Bankinn áskilur sér rétt til að samþykka eða hafna tilboðum að hluta til eða öllu leyti.

Áætlaður uppgjörsdagur viðskipta er 21. apríl 2023.

Verðbréfamiðlun Íslandsbanka hefur umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað á tölvupóstfangið [vbm@isb.is](mailto:vbm@isb.is) fyrir kl. 16:00 þann 12. apríl 2023.

## Tengiliðir

Fjárfestatengsl - [ir@islandsbanki.is](mailto:ir@islandsbanki.is)

## Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýnina að vera #1 í þjónustu að leiðarljósi vinna þrjár viðskiptaæiningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavini sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með lánshæfismatið BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

## Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Útboð á sértryggðum skuldabréfum 12. apríl](#)